

Samandregnar niðurstöður úr vinnufundi vegna stefnumótunar í ferðapjónustu Hólmavík 2. mars 2016

Eftirfarandi samantekt verður hluti þeirra grunngagna sem Ferðamálasamtök Vestfjarða munu nota til þess að móta stefnu fyrir ferðamál á Vestfjörðum. Samantektin inniheldur þau atriði sem komu fram í vinnuhópum á Hólmavík á fundi þann 2. mars 2016.

Einkenni svæðisins

Landfræðileg einkenni: hafið, fjöllin, firðir, rekafjörur, eyjar, sker, fuglabjörg og heitar laugar.

Einkenni af náttúrunnar hendi: snjór, ósnortin náttúra, norðurljós, selir, fjárbúskapur, öldur, myrkur, vetur og nætursól á sumrin.

Einkenni sem hafa skapast; kyrrð, friðsæld, fámenni, persónuleg þjónusta, menningarlíf, söfn og sýningar, dreifð byggð, utan alfaraleiðar.

Einkennisstaðir

Þeir staðir sem einkenna svæðið eru:

Grímsey, Malarhorn, Svartfoss, Kaldalón, Flatey, Klakkur, Norðurstrandir og Árneshreppur.

Aðdráttarafli sem hægt er að byggja upp

Til framtíðar litið þá eru fyrrgreindir einkennisstaðir þeir sem hægt verður að byggja á en því til viðbótar verður horft til eftirfarandi atriða með tækifæri til uppbyggingar í huga (raðað eftir því hversu oft þau voru til umræðu milli hópa):

- Selir við Sævang
- Efla söfn svæðisins
- Kyrrðin
- Neshringurinn
- Heitar laugar og náttúrulegar laugar
- Gálmaströndin
- Skíðasvæði við Þröskulda
- Botnar fjarða sem hafa verið þveraðir
- Sérhæfð barnaafþreying

Nánar er fjallað um aðgerðir í næstu köflum.

Aðgerðir til að byggja upp sértæka staði eða þætti

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla þá staði eða þætti sem búið er að gera grein fyrir.

Listanum er raðað eftir forgangs röðun þátttakenda í vinnuhópum.

- Það þarf að efla söfnin með því að lengja opnunartíma og fjárfesta í að klára þær sýningar sem nú þegar eru komnar upp á svæðinu og hafa aðdráttarafl. Í þessu samhengi ber að nefna Galdrasýninguna, Sauðfjársetrið og Náttúrubarnaskólann. „Segullinn“ er Galdrasýningin.
- Heitar laugar hafa nú þegar aðdráttarafl og það þarf að fara í uppbyggingu í kringum pottana á Drangsnesi og öðrum laugum sem eru á svæðinu. Þetta gæti verið hluti af því að efla Neshringinn og ferðaþjónustu á norðanverðu Strandasvæðinu.
- Náttúruskoðun byggða á selum og fuglum er hægt að efla með því að fara í frekari uppbyggingu skoðunarstaða og upplýsingaskilta.
- Vatnsfjörður í Ísafjarðardjúpi þyrfti að byggja upp sem áfangastað og aðdráttarafl.

Almennar aðgerðir

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem fundargestir töldu nauðsynlegt að vinna að til að efla ferðaþjónustu almennt.

- Innviði svæðisins þarf að bæta og er það í raun forsenda fyrir frekari vexti á svæðinu.
- Efla markaðssetningu svæðisins.
- Umhverfisvitund og gæðavitund þarf að batna t.d. með því að fara í gegnum Vakann.
- Auka vetrarþjónustu á vegi.
- Aukin samvinna ferðaþjóna og safna.
- Það þarf meiri fjármuni í að þróa áfram og efla ferðaþjónustu.
- Það þarf að hanna fáa flotta áfangastaði sem væru fullfrágengnir.
- Þorpin þurfa að skilgreina sín eigin verkefni vegna útivistartengdrar afþreyingar.
- Það þarf að gera upplýsingakort með þema um þær upplifanir sem hægt er að njóta á svæðinu.
- Efla þarf matarmenningu í tengslum við ferðaþjónustu.
- Heilsársveg í Árneshrepp.